



Skurðaðgerð á hendi


Undirbúningur

Blóðþýnningarlyf

Hætta skal töku blóðþýnningarlyfja um það bil viku fyrir aðgerð í samráði við lækinn, sem er ábyrgur fyrir blóðþýnningarmedferðinni. Jafnframt þarf að hætta töku Magnýls og bólgueyðandi lyfja vegna blóðþýnnandi áhrifa.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“ og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna, en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.



LSH/SS09113

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu/deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Aðgerðardagur

Fara þarf í **sturtu** heima að morgni aðgerðardags, klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip, andlitsfarða, gervineglur og naglalakk.

Mæta skal á **dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf** sem tekin eru daglega. Gott að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu og taka tillit til stofufélaga.

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Skurðaðgerð á hendi er gerð í svæfingu eða deygingu. Við komu á deild þarf að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Eftir aðgerðina fer sjúklingur á vöknun og síðan aftur á dagdeild A5. Útskrift er í flestum tilfellum samdægurs.

Útskrift

Verkir

Eftir aðgerðina má búast við verkjum á skurðsvæði. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því þeir seinka bata. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, á 4–8 klst. fresti upp að hámarksskammti á sólarhring. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalyfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

Skurðsár

Skurðsári er lokað með saumum sem ýmist eyðast af sjálfum sér eða þarf að fjarlægja. Stundum er einnig sett spelka eða gifs til að halda hendinni stöðugri.

Sturta

Fara má í sturtu en hlífa þarf hendinni og umbúðunum fyrir vatni þar til gifs hefur verið fjarlægð. Hægt er að líma plastpoka yfir hendi til hlífðar.

Hreyfing

Mikilvægt er að hreyfa reglulega þá fingur sem standa undan umbúðum og hreyfa aðra liði svo sem öxl og olnboga, til að draga úr bjúg og stirðleika. Eins þarf að hafa hærra undir hendinni fyrstu vikuna af sömu ástæðu. Gott er til dæmis að leggja kodda undir höndina þegar setið er, miða við að hendi sé í hjartahæð og ekki láta hana hanga á göngu.

Vinna

Mismunandi er hve fljótt er hægt að byrja aftur að vinna en það fer eftir eðli starfs og líðan. Næstum alltaf er óhætt að snúa til vinnu áður en einkenni eru alveg horfin.

Eftirmeðferð

Fyrir útskrift er endurkomutími ákveðinn hjá lækni. Þá eru saumar fjarlægðir og skipt um gífs.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala. Reikningur er sendur heim eftir útskrift.

Hafa skal samband við bráða- og göngudeild G3 ef:

- líkamshiti er hærri en 38,5°C
- aukinn verkur er á skurðsvæði þrátt fyrir töku verkjalyfja
- fingur hvítna eða dofna
- grunur er um sýkingu á skurðsvæði
- vandamál sem tengist umbúðum kemur upp

Símanúmer

Bráða- og göngudeild G3 í Fossvogi, sími: 543 2022 frá kl. 8-16 og 543 2017 frá kl. 16-23.

Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Dagdeild A5 er opin virka daga frá kl. 7 til 22, sími 543 7570.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símunum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
APRÍL 2014
SKURÐ-1098

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR BÆKLUNARSKURÐEILDAR
OG DEILDARSTJÓRI A5

HÖNNUN:

KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC